



1. útgáfa 27.07.2019

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB 1907/2007 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Dipropylene Glycol Butylether**
Samheiti: 1-(2-Butoxy 1-methylethoxy) propane-2-ol , Dipropyleneglycol butylether , DPNB.
Vörunúmer: 1358 40488040

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Leysiefni.
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.

1.3 Söluaðili: **N1** **Framleiðandi:** BRENNTAG N.V.
Dalvegur 10-14 Nijverheidslaan 38
201 Kópavogur BE-8540 Deerlijk, Belgía.
Sími: 440 1000 00-32-56-776944
Netfang: n1@n1.is info@brenntag.be
Veffang: www.n1.is www.brenntag.be

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):
Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):
Ekki er krafist merkinga á vörunni.

Hættumerki Engin.

Viðvörðunarorð Ekkert.

Hættusetningar Engar.

Varnaðarsetningar P102 Geymist þar sem börn ná ekki til

2.3 Aðrar hættur:

Eðlisfræðilegar Getur myndað peroxíð.
Heilsufarslegar Getur valdið ertingu í augum og húð.
Umhverfislegar Engin sérstök hættu m.t.t. umhverfisins.
Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).
Öryggi Við upphitun yfir blossamark (100°C), getur gufa myndað eld- og sprengifimar blöndur með lofti í lokuðum rýmum, sé eld- eða neistagjafi til staðar.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Dipropylene Glycol Butylether			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119451543-423	Innihald %	>99
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	249-951-5	H-setningar	-
CAS	29911-28-2	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
-			

3.2 Blöndur: Á ekki við

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Leitið lækni leiki vafi á ástandi hins slasaða, eða séu einkenni viðvarandi. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og látið sitja í hálfuppréttri stöðu.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni (sturta). Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í a.m.k. 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur. Leitið til augnlækni, séu einkenni viðvarandi. Beitið ekki hlutleysandi efnun.
Inntaka	Hreinsið munn með vatni. Farið á slysamóttöku eða leitið lækni við vanlíðan. Skolið munn með vatni. Framkallið ekki uppköst.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lið 11.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknumönun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Séu heilbrigðisstarfsmenn í vafa, ætti að hafa samband við Eitrunarmiðstöð LSH.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, alkóhólþolin froða, slökkviduft, vatnsúði.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast eitraðar gufur (kolefnismónoxíð - CO), og reykur.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið, og fargið skv. 13. lið. Notið vatnsúða til að kæla nærliggjandi búnað.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð, augu og fatnað. Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa. Vísið óviðkomandi brott af svæðinu. Notið viðeigandi persónuhlífar, sjá lið 8.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu, sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efni berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið hlutlaust ísogsefni eða sjúgið upp. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Skolið mengað svæði að lokum með miklu vatni.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu og úða og snertingu við húð eða fatnað. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara.

Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Notið viðeigandi persónuhlífar. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar.

Augnskol og sturtur ættu að vera til staðar þar sem unnið er með vöruna.

Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á á vel loftræstum og eldvörðum stað. Mælt er með notkun lekavarnabakka undir umbúðum. Geymið fjarri hitagjöfum, beinu sólarljósi, sterkum oxurum og sterkum sýrum. Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa. Jarðtengið sé hellt á milli íláta. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að eld- og neistagjöfum. Notið neistavarinn búnað.

Hentug umbúðaefni: Ryðfrítt stál.

Óhentug umbúðaefni: Sum plastefni þola illa glýkóletera.

7.3 Sértek, endanleg notkun: Sjá lið 1.2.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Dipropylene Glycol Butylether					
Notkunarvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	10	mg/m ³
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	3	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1,2	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	1,1	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	7,5	mg/m ³
	Umhverfi, sjór		PNEC	0,0519	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn		PNEC	0,519	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn set		PNEC	2,96	mg/kg
	Umhverfi, sjór set		PNEC	0,0296	mg/kg
	Umhverfi, jarðvegur		PNEC	0,287	mg/kg
	Umhverfi, ósamfelld losun		PNEC	5,19	mg/l
	Umhverfi, hreinsistöð		PNEC	100	mg/l

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsg og eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Aughlífar

Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166), eða andlitshlíf.

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr bútýlgúmmíi. (EN374, >=0,7 mm, gegnstr.tími >480 mín).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Húð - annað

Öndunarfæri

Notið CE-vottaða öndunargrímu með síu af gerð A (brún).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Eterlykt
Litur:	Litlaus, tær
Bræðslumark:	<-75°C
Suðumark:	230°C
Blossamark:	100°C
Tendrunarmark:	194°C
Lægri sprengimörk í lofti:	0,6%
Hærri sprengimörk í lofti:	20,0%
Gufuþrýstingur (20°C):	<0,04 hPa
Eðlismassi gufu (loft=1):	6,6
Eðlismassi við 20°C:	0,91 g/cm ³
Vatnsleysni:	40-45 g/l
Leysni í lífrænum leysum:	Aseton, etanól, eter
Dreifistuðull oktanól/vatn:	1,523 (logP)
Seigja (20°C):	4,35 mPas (dynamic)
Sprengifimi:	Engir efnafræðilegir hópar hafa slíka virkni
Oxandi eiginleikar:	Engir efnafræðilegir hópar hafa slíka virkni

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Getur myndað peroxíð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Eld- og neistagjafar (neistar, opinn eldur), langvinn snerting við loft.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar, sterkar sýrur.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Kolmónoxíð, koldíoxíð.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhif:

Dipropylene Glycol Butylether					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	3160	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD ₅₀	>2000	mg/kg	rotta	OECD 402
Bráð eiturrhif, innöndun	LC ₅₀	>5,4	mg/l	rotta, 4 klst	OECD 403
Húðæting/erting		Langvinn snerting getur valdið ertingu			
Alvarlegur augnskaði		Getur valdið vægum skaða á hornhimnu og ertingu			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Krabbamein		Neikvætt			
Stökkbreytingar		Neikvætt			
Eitrun æxlunarfæra		Neikvætt			
Eiturrhif á marklíffæri		Neikvætt			
Ásvelgingarhætta		Neikvætt			

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Dipropylene Glycol Butylether					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	841 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC ₅₀	>411 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC ₅₀	519 mg/l	72 klst	Þörungur	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		Hratt niðurbrot			OECD 301A
Uppsöfnun í lífverum		Neikvætt			
Dreifanleiki í jarðvegi		Neikvætt			
Mat á PBT / vPvB		Neikvætt			

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

Engar.

Útgáfa/Dags: 1/27.07.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

BRENNTAG N.V.
Material safety data sheet
DIPROPYLENE GLYCOL BUTYLETHER

Útgáfa: 15.07.2016 Endurskoðun 4

Kemur í stað útgáfu: 17.04.2009